

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 39.100 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagarðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 26.100 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagarðar skv. töflu c) eru 13.000 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagarðar. Verði sótt um minna magn af osti en auglýst er í öðrum hvorum flokknum, skal því magni sem umfram er bætt við hinn.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulið 1602:		29.400		
1602.1001 Blönduð matvara meira en 60% af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	84
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.01.-30.06.	-	0	84
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.01.-30.06.	-	0	117
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.01.-30.06.	-	0	117
1602.2019 Annað	01.01.-30.06.	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.01.-30.06.	-	0	117
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.01.-30.06.	-	0	78
1602.2029 Annað	01.01.-30.06.	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3109 Annað	01.01.-30.06.	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3209 Annað	01.01.-30.06.	-	0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.01.-30.06.	-	0	203
1602.3909 Annað	01.01.-30.06.	-	0	115
1602.4101 Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.01.-30.06.	-	0	522
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	343
1602.4109 Annað	01.01.-30.06.	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.01.-30.06.	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	247
1602.4209 Annað	01.01.-30.06.	-	0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.01.-30.06.	-	0	511
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	307
1602.4909 Annað	01.01.-30.06.	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.01.-30.06.	-	0	362
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.01.-30.06.	-	0	304
1602.5009 Annað	01.01.-30.06.	-	0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	265
1602.9019 Annað	01.01.-30.06.	-	0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.01.-30.06.	-	0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.01.-30.06.	-	0	265
1602.9029 Annað	01.01.-30.06.	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	800 kg
vöruliðir	1602.20XX	800 kg
vöruliðir	1602.3XXX	5.800 kg
vöruliðir	1602.4XXX	4.500 kg
vöruliðir	1602.50XX	1.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	1.200 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. desember 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:					
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.-31.12.97	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01.-31.12.97	ótilgr.	0	5